

Stjórnarfundur ÆSKÞ í Grafarvogskirkju 23. janúar 2015

**Mættir:** Katrín, Guðmundur Karl, Þórunn, Guðrún, Sigurvin og Eva Björk, framkvæmdastjóri.

#### **Söfnun Landsmóts 2014**

Við eigum eftir að afhenda það fé sem safnaðist á Landsmóti ÆSKÞ 2014 formlega til Hjálparstarfs Kirkjunnar þó svo að þau séu búin að fá peningana. Í fyrra afhentum við það á aðalfundi. Eva tekur það að sér að hafa samband við Bjarna framkvæmdastjóra hjálparstarfsins og athuga hvort henti honum betur að við komum til þeirra og afhendum féð eða bjóðum honum á aðalfundinn.

#### **Aðalfundur**

Ákveðið að dagsetning aðalfundar verði 26. febrúar. Kl 17:00. Dagskrá verður með hefðbundnum hætti.

Í ár er komið að því að kjósa formann og ritara. Guðrún Karls ætlar að ekki að gefa kost á sér aftur sem formaður ÆSKÞ. Sigurvin ætlar að gefa kost á sér og ef hann yrði kosinn þyrfti að kjósa ritara í eitt ár þá. Guðmundur ætlar að gefa kost á sér í stöðu gjaldkera aftur og fögnum við því.

Báðir meðstjórnendur Erla og Katrín voru kosnar til tveggja ára í fyrra. Það þarf að kjósa gjaldkera og formann til tveggja ára og ritara til eins árs

- Guðrún er til í að vera meðstjórnandi eða varamaður
- Þórunn gefur kost á sér til ritara
- Hugmyndir að stjórnarmönnum lagðar fram
- Hugmyndir að fundarstjóra ræddar. Guðrún annast þetta.
- Matur á aðalfundi er í höndum framkvæmdastjóra.

#### **Porvo ganga**

Fengum erindi frá Sigurði Árna um göngu á vegum Porvo kirknasamfélagsins. ÆSKÞ hefur ekki fjármagn til að senda fólk en getum auglýst eftir fólki.

Ekki hefur borðist svar frá Kirkjumálasjóði um rekstarstyrk.

Komast að því hver hefur komið í starf Erlends í Menntamálaráðuneytinu og bjóða þeim fulltrúa á aðalfundinn. Eva fer í það mál.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 25. febrúar kl. 18:00 á Caruso.

Fundargerð ritaði Eva Björk Valdimarsdóttir